

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2022

2022/EES/20/01

frá 14. júlí 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar
tæknilega eftirlitsstaðla um skráningarupplýsingar fyrirtækja í þriðja landi og framsetningu á
upplýsingum sem veita skal viðskiptavinum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er settur samræmdur rammi fyrir meðhöndlun á fyrirtækjum í þriðja landi sem fá aðgang að Sambandinu til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi fyrir viðurkennda gagnaðila og fagfjárfesta.
- 2) Rétt þykir að tilgreina hvaða upplýsingar fyrirtæki í þriðja landi, sem sækir um að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu, ætti að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) og hvernig framsetning á upplýsingum til viðskiptavina ætti að vera, eins og um getur í 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, til að koma á samræmdum kröfum að því er varðar fyrirtæki þriðja lands og nýta hagræðið af því að veita þjónustu í Sambandinu.
- 3) Til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að tilgreina og skrásetja rétt fyrirtæki þriðju landa ætti að láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té samskiptaupplýsingar þeirra, landsbundna og alþjóðlega auðkenniskóða og sönnun fyrir starfsleyfi þeirra til að veita fjárfestingarþjónustu í landinu þar sem fyrirtækið er með staðfestu.
- 4) Gefa skal gaum að tungumáli og framsetningu sem fyrirtæki í þriðja landi nota til að veita viðskiptavinum upplýsingar, til að tryggja að upplýsingarnar séu skiljanlegar og skýrar.
- 5) Fresta ætti beitingu þessarar reglugerðar og aðlaga að gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Nauðsynlegar upplýsingar til skráningar

Fyrirtæki í þriðja landi sem sækir um heimild til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi hvar sem er í Sambandinu í samræmi við aðra undirgrein 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni:

- a) fullt nafn fyrirtækisins, þ.m.t. lögheiti og öll önnur viðskiptaheiti sem fyrirtækið mun nota,
- b) samskiptaupplýsingar fyrirtækisins, þ.m.t. heimilisfang höfuðstöðva, símanúmer og tölvupóstfang,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 313, 19.11.2016, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- c) samskiptaupplýsingar einstaklingsins sem sér um umsóknina, þ.m.t. símanúmer og tölvupóstfang,
- d) vefsetur, sé það fyrir hendi,
- e) landsbundið auðkennisnúmer fyrirtækisins, sé það fyrir hendi,
- f) auðkenni lögaðila (LEI) fyrirtækisins, sé það fyrir hendi,
- g) auðkenniskóða fyrirtækis (BIC), sé hann fyrir hendi,
- h) nafn og heimilisfang lögbæra yfirvaldsins í þriðja landi sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu; þegar fleiri en eitt yfirvald ber ábyrgð á eftirliti skal veita upplýsingar um verksvið hvers þeirra um sig,
- i) tengil í skrá hvers lögbærs yfirvalds í þriðja landi, sé hann fyrir hendi,
- j) upplýsingar um hvaða fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónustu fyrirtækið hefur heimild til að sinna í landinu þar sem það hefur staðfestu,
- k) fjárfestingarþjónustan sem fyrirhugað er að veita og fjárfestingarstarfsemin sem fyrirhugað er að stunda í Sambandinu, auk allrar viðbótarþjónustu.

2. gr.

Kröfur um framlagningu upplýsinga

1. Fyrirtæki í þriðja landi skal innan 30 daga upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um hverja breytingu á þeim upplýsingum sem veittar eru skv. a- til g-lið og j- og k-lið 1. gr.
2. Upplýsingarnar til handa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skv. j-lið 1. gr. skulu veittar með skriflegri yfirlýsingu lögbæra yfirvaldsins í því þriðja landi.
3. Upplýsingarnar sem veittar eru Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skv. 1. gr. skulu vera á ensku, og notast skal við latneskt stafróf. Öll fylgiskjöl sem Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eru látin í té skv. 1. gr. og 2. mgr. þessarar greinar skulu vera á ensku en hafi þau verið skrifuð á öðru tungumáli skal fylgja með löggilt þýðing á ensku.

3. gr.

Upplýsingar um tegund viðskiptavina í Sambandinu

1. Fyrirtæki í þriðja landi skal veita viðskiptavininum þær upplýsingar sem um getur í 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 á varanlegum miðli.
2. Upplýsingarnar sem um getur í 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu:
 - a) veittar á ensku eða á hinu opinbera tungumáli, eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem veita á þjónustuna,
 - b) settar fram með þeim hætti að þær séu auðveldar aflestrar og skulu stafir vera af læsilegri stærð,
 - c) vera án litanotkunar sem gæti rýrt skiljanleika upplýsinganna.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem um getur í annarri málsgrein 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
